

**667. fundur haldinn þriðjudaginn 5. júlí 2005 kl. 9:00
Hamri Vestmannaeyjum**

Mætt:

Einar Kristinn Guðfinnsson formaður
Ísólfur Gylfi Pálmason varaformaður
Pétur Rafnsson, fulltrúi Ferðamálasamtaka Íslands
Gunnar Sigurðsson fulltrúi Sambands ísl. Sveitarfélaga
Dagur Eggertsson fulltrúi Sambands ísl. sveitarfélaga
Hlynur Jónsson fulltrúi SAF
Steinn Lárusson fulltrúi SAF
Helga Haraldsdóttir, samgönguráðuneyti
Ársæll Harðarson forstöðumaður
Magnús Oddsson, ferðamálastjóri

1. Fundargerð 666. fundar:

Afgreiðsla: Samþykkt.

2. Tölfræði ferðaþjónustunnar fyrri hluta ársins:

Forstöðumaður markaðssviðs fór yfir þær upplýsingar sem fyrir liggja. Erfitt er að meta árangur ársins hvað varðar magn þar sem enn vantar nokkrar grunnupplýsingar. Nokkrar umræður urðu um málið og nauðsyn þess að auka enn frekar söfnun upplýsinga frá sem flestum aðilum til að hægt sé að fá heildaryfirlit á hverjum tíma.

3. Kynnt innlend samstarfsverkefni í markaðsmálum:

Eins og undanfarin ár þá var auglýst eftir samstarfsaðilum um innlend markaðsverkefni. Unnið hefur verið úr umsóknum og samstarfsaðilar valdir. Forstöðumaður markaðssviðs kynnti niðurstöðurnar.

4. Ferðamálaráðstefnan í haust:

Ráðstefnan verður 27.-28. október í Reykjavík. Samþykkt var að meginþema hennar yrði: Samkeppnishæfni íslenskrar ferðaþjónustu. Málið yrði reifað frá sem flestum hliðum, rekstrarlega, markaðslega, umhverfislega, menningarlega o.fl.
Þá yrði kynnt það nýja stjórnsýsluumhverfi sem tekur gildi 1. janúar 2006.
Rætt var um að kanna möguleika á að hafa kynningarbása í tengslum við ráðstefnuna.

5. Önnur mál:

a) Rætt um mögulega heimsókn á skrifstofu ráðsins í N.-Ameríku. Kannað verði hvort það henti í byrjun nóvember.

b) Rætt um stöðu "Evrópugáttarinnar" og mikilvægi bókunarvefs í tengslum við hana, en málið hefur verið kynnt fyrr á árinu á vef ráðsins.
Ákveðið að safnað verði upplýsingum frá nokkrum nágrennalöndum um hvernig viðkomandi mál hefur verið leyst þar.

c) Kynning á ferðaþjónustu í Vestmannaeyjum.
Kristín Jóhannsdóttir ferðamálafulltrúi kynnti ráðinu ferðaþjónustu í Eyjum og svaraði spurningum.

Fleira ekki tekið fyrir og fundi slitið kl 11:15

**. fundur haldinn þriðjudaginn 26. apríl 2005 kl. 11:00
í Gimli Lækjargötu 3, Reykjavík**

Mætt:

Einar Kristinn Guðfinnsson formaður
Ísólfur Gylfi Pálmason varaformaður
Pétur Rafnsson, fulltrúi Ferðamálasamtaka Íslands
Gunnar Sigurðsson fulltrúi Sambands ísl. sveitarfélaga
Hlynur Jónsson fulltrúi SAF
Helga Haraldsdóttir, samgönguráðuneyti
Ársæll Harðarson forstöðumaður
Magnús Oddsson, ferðamálastjóri

1. Fundargerð 665. fundar:

Afgreiðsla: Samþykkt.

2. Umsagnir um þingsályktun um ferðamál og frumvarp til laga um skipulag ferðamála:

Formaður lagði fram tillögur að umsögnum til Alþingis um ofangreind mál.

Afgreiðsla: Samþykkt.

3. Tilnefning í stjórn Ráðstefnuskrifstofu Íslands:

Formaður lagði til að fulltrúi Ferðamálaráðs yrði Ársæll Harðarson.

Afgreiðsla: Samþykkt.

4. Ferðamálaráðstefnan í haust:

Samþykkt að hún yrði í Reykjavík að þessu sinni og stefnt að dögum 27.-28. október. Frekari umræðu um þema frestað.

5. Önnur mál:

Ákveðið að sumarfundur ráðsins verði í Vestmannaeyjum 4.-5. júlí.

Fleira ekki tekið fyrir og fundi slitið kl 13:00